

Fundargerð stjórnarfundar

Staður: Laugarteigur 16, Rvk.

Tími: 16. Október 2008 kl. 20.00–22.30

Viðstaddir: Frá Keldudal: Guðrún S. Ólafsdóttir

Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)

Frá Króki: Hannes Siggason (HS) formaður

Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE);

Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)

Sérstaklega boðaður: Magnús Jóhannesson Króki (MJ)

Forföll boðaði:

Frá Gilbraut: Einar Kristjánsson (EK).

Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)

Hjalti Elíasson tekur að sér ritun fundargerðar.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar (umsj: ritari/EK).
- 2) Fyrirkomulag funda, fundaáætlun uppfærð (umsj. HS).
- 3) Áherslumál í starfi stjórnar starfsárið 2008 – 2009. Lögð fram tillaga formanns. (umsj.HS)
- 4) Fjárhagsstaða félagsins (umsj. KK).
- 5) Fréttir af stjórnarstörfum SR. (umsj. HE)
- 6) Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (umsj HE)
- 7) Heimasíða félagsins (umsj. ERS)
- 8) Félagatalið. Uppfærsla (umsj. EK)

*****Kaffihlé*****

- 9) Landgræðsluskógaverkefnið á Fellsmörk. Undirbúningur skýrslugerðar. Virkjun fleiri félagsmanna við undirbúning og framkvæmd verkefnisins (umsj HS)
- 10) Nýjir leigusamningar. Fréttir af starfi vinnuhóp (umsj. MJ, HS GSÓ)
- 11) Hugmynd að fræðslufundi/myndakvöldi í vetrarbyrjun (umsj. EK)
- 12) Önnur mál (Allir).

Fundurinn hófst kl. 20.00.

1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar. Frestað.

2 Fyrirkomulag stjórnarfundar, fundaáætlun. HS dreifði á fundinum og kynnti. Gert er ráð fyrir sjö mánaðarlegum stjórnarfundum fram til aðalfundar vorið 2009, að desember undanskildum. Fundirnir verða haldnir til skiptis á heimilum stjórnarmanna og verða fundargerðir birtar jafnóðum á heimasíðu félagsins á Netinu. HS gerir tillögu um breyttan fundardag, fundur 13 nóv verði færður til 27 nóv. Samþykkt.

3 Áherslumál í starfi stjórnar (sjá fylgiskjal).

Ytri mál:

- a. Rætt síðar á fundinum.

- b. Rætt um varnargarða og hvað sé framundan í þeim málum. Hjalti skýrir frá samtölum sem hann hefur haft við Gylfa Júlíusson hjá Landgræðslunni og Bjarna Jón Finnsson hjá Vegagerðinni í Vík. Beðið er eftir leyfi til stórgrýtistöku í námu sem hefur verið opnuð á Sóheimaheiði. Málið er í eðlilegum farvegi hjá Vegagerðinni. Bráðnauðsynlegt er að styrkja garðana að vestanverðu. Litlu mátti muna í haust að áin færi í gegn og þá hefði þjóðvegurinn verið í hættu. Á Bjarna og Gylfa var að heyra að þeir kæmu ekki eða lítið að vegaf framkvæmdum á svæðinu.
- c. Vegaslóðar á svæðinu eru í afar slæmu ástandi og er við SR að fást um þá framkvæmd. Hjalti tók að sér að vera tengiliður félagsins við SR.
- d. Girðingarmál á sömu slóðum og ástand girðinga eftir sumarið. Sumstaðar farnar og annarstaðar liggja þær niðri. Þær hafa haldið allvel inn á heiði austanmegin. Farnar á aurunum. Þarf að finna betri stæði fyrir þær. Hjalti tók að sér að vera tengiliður við SR.
- e. Rætt um að fá stærri sorpgáma og þá jafnvel að fá einn fyrir austursvæðið og færa þann sem er fyrir vestursvæðið. Kjartan tekur málið að sér.
- f. Guðrún spurðist fyrir um rafmagn á svæðið. Gamla upplýsingar ræddar og mun hún hafa samband við Hjörleif bróður sinn og reyna að fá upplýsingar um breyttar aðstæður í rafmagnsmálum.

Innri mál:

- g. Stefnunótun félagsins rædd og umræður um það mál. Þurfum að leggjast yfir þau mál og gera okkur grein fyrir stefnu og tilgangi félagsins. Guðrún tekur að sér að stýra vinnu við þetta mál (langtímaverkefni). Hannes strax orðin hennar hægri hönd.
- h. Félagatal uppfært. EK og ERS að vinna í málinu.
- i. Undirbúningur Landgræðsluskógaverkefnisins hefur lent á sama fólki í gegnum tíðina. Viljum virkja fleiri, nutum t.d. aðstoðar Valdimars Reynissonar á síðasta sumri. Valdimar er tilbúinn til þess að koma frekar að verkefninu, einnig Kristinn Guðmundsson á Hlíðarbraut og Sveinn Björnsson á Heiðarbraut. Hannes heldur utan um plöntupantanir og skýrslugerð.
- j. Heimasíða í höndum ERS .
- k. Sigrún tekur að sér að vera tengiliður við félagsmenn vegna fræðslufunda og annarra atburða sem kunna að verða.

4. Fjárhagsstaða félagsins. KK gerir grein fyrir fjárhagsstöðu og fer yfir stöðu einstakra félagsmanna. Allir greitt félagsgjöld nema einn einstaklingur. Fjárhagsstaðan er góð og hefur félagið ekki orðið fyrir fjárhagslegum skaða í fjármálaferlinum sem gengið hefur yfir. Til á reikningi tæp 200 þús. kr.

5. Fréttir af stjórnarstörfum SR. Hjalti gerði grein fyrir stjórnarfundum SR sem haldin var 15. okt. sl. Aðalumræðuefnið var á fjárhagslegum nótum, mikið tapast af sjóðum félagsins, allt að 40 millj. Líklegt að mikið verði dregið saman í starfi félagsins og megum við reikna með að erfiðara verði fyrir okkur að fá fjárveitingar. Við eigum þó allavega leigugjöldin og þurfum að vera dugleg að nota þau til verklegra framkvæmda. Horft til meiri jólatrjáasölu í ár og meiri penings í kassann.

6. Upplýsingar frá fulltrúa FLÁF í vinnuteymi. Var farið yfir í áherslumálum félagsins.

7. Heimasíða félagsins. Frestað.

8. Félagatalið. Frestað.

9. Landgræðsluskógaverkefnið. Var farið yfir áherslumál félagsins.

10. Nýir leigusamningar. Magnús reyfar málið og fer yfir uppkast af samningi sem hann hafði sett á blað. Umræður og málið rætt út frá þessum drögum. Helgi G. framkvæmdastjóri SR hafði sent fyrirspurn í tveimur liðum til landbúnaðarráðuneytisins og fengið þar svör að leigusali væri SR. Við hinni spurningunni var svar óljóst.

11. Hugmynd að fræðslufundi/myndakvöldi í vetrarbyrjun. Stungið upp á fundi 3. nóv. K.K kannar fundaraðstöðu í sal frímerkjasafnara. Sigrún tekur að sér að hafa samband við EK sem hefur augastað á sérfróðum manni til þess að fjalla um og kynna nýju lögin um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús. Mun hún senda út fundarboð er mál skýrast.

12. Önnur mál. Engin mál komu fram undir þessum lið.

Fundi slitið um kl. 22.30.

Fundargerðina ritaði Hjalti Elíasson í fjarveru Einars Kristjánssonar

Dreifing: Stjórn félagsins. Heimasíða félagsins

Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir: